

Frá: Sabine Leskopf <Sabine.Leskopf@reykjavik.is>

Sent: fimmtudagur, 16. október 2025 11:23

Til: Skúli Þór Helgason <Skuli.Helgason@reykjavik.is>; Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Efni: fjölmenningarborgin

Sælir,

stýrihópurinn um mótun stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík er að ljúka störfum núna. Hér fyrir neðan eru svörin sem við fengum frá sviðinu. Okkar afurð verður sem sagt í formi megináherslna fyrir hvert svið, sem þið vinnið svo aðgerðir til að í samstarfi sérfræðinga á Mannréttindaskrifstofu. Þessar megináherslur eru unnar upp úr svörum sviðsins sem er að finna hér fyrir neðan og í samræmi við almennar áherslur stefnunnar um inngildingu á öllum sviðum og starfstöðvum borgarinnar. Endilega komið með breytingar ef þess er þörf.

1. Ná til aldraðra innflytjenda og flóttafólks í íþróttum
2. Auka þátttöku innflytjenda í menningarstarfsemi, bæði listamenn og notendur.
3. Styðja við frjáls félagasamtök innflytjenda með því að bjóða þau velkomin í húsnæði borgarinnar og veita gjaldfrjálsa fundaraðstöðu.
4. Þróa frekar og viðhalda undirsíðu borgarinnar, New in Reykjavík og nýta hana sem vettvang til að kynna þjónustu sviðsins fyrir nýjum borgarbúum á öllum aldri.
5. Auka gagnasöfnum um þátttöku í þjónustu sviðsins